

D Ó M U R

Héraðsdóms Austurlands föstudaginn 12. janúar 2007 í máli nr. S-159/2006:

Ákærvaldið

(Ragnheiður Harðardóttir vararíkissaksóknari)

gegn

Birnu Kristínu Guðnadóttur

(Eva Dís Pálmadóttir hdl.)

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. janúar sl. að aflokinni aðalmeðferð, er höfðað með ákæru ríkissaksóknara útgefni 19. október 2006 á hendur Birnu Kristínu Guðnadóttur, kt. 000000-0000, Lónabraut 5, Vopnafirði “fyrir rangar sakargiftir, með því að hafa með rangri kæru og röngum framburði fyrir lögreglu á Vopnafirði aðfaranótt fimmtudagsins 20. nóvember 2005 og daginn eftir við skýrslutöku hjá lögreglunni á Akureyri, leitast við að koma því til leiðar að X, kennitala 000000-0000, yrði sakaður um kynferðisbrot gegn ákærðu, en ákærða lýsti því ranglega fyrir lögreglu að X hefði um nóttina um borð í skipinu ms. Víkingi í Vopnafjarðarhöfn, þröngvað eða reynt að þröngva henni með ofbeldi til samræðis. Með þessu kom ákærða því til leiðar að X var handtekinn um borð í skipinu klukkan 6:38 um morguninn og fluttur á lögreglustöðina á Seyðisfirði þar sem hann var hafður í haldi fram eftir degi og yfirheyrður um sakarefnið, en sleppt úr haldi að því loknu klukkan 13.38.

Þykir háttsemi ákærðu varða við 148. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar.”

Við aðalmeðferð málsins leiðrétti sækjandi ákæru þannig að í stað orðanna “með rangri kæru” kemur “með rangri tilkynningu”.

Af hálfu ákærðu er þess aðallega krafist að ákvörðun um refsingu ákærðu verði frestað skilorðsbundið, en til vara að ákærða verði dæmd til lægstu refsingar sem lög leyfa og að fullnustu refsingar verði frestað skilorðsbundið og að í báðum tilvikum verði frestun bundin almennu skilyrði 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga eða öðrum sérstökum skilyrðum 1.-5. töluliðar sömu málsgreinar. Loks er þess krafist að málsvarnarlaun skipaðs verjanda samkvæmt málskostnaðarreikningi verði greidd úr ríkissjóði.

II.

Málavextir

Í frumskýrslu lögreglu dags. 24. nóvember 2005 kemur fram að kl. 4.05 aðfaranótt 20. nóvember sama ár hafi lögreglu borist tilkynning um að stúlku hefði verið nauðgað á Vopnafirði. Um hafi verið að ræða ákærðu í máli þessu. Hafi lögregla rætt við hana í síma og hún virst í miklu uppnámi og sagt að sér hefði verið nauðgað fyrr um nóttina. Hafi hún sagt að skipverji á Víkingi hefði nauðgað sér um borð í skipinu. Lögregla hélt rakleiðis af stað á vettvang frá Egilsstöðum, en um fjallveg er að fara frá Egilsstöðum til Vopnafjarðar. Á leiðinni hafði lögregla samband við lækni á Vopnafirði og gerðar ráðstafanir til að ákærða yrði flutt á heilsugæslustöðina á Vopnafirði þar sem læknir myndi hlúa að henni uns lögregla kæmi á vettvang. Læknir á Vopnafirði taldi rétt að Birna yrði flutt til Akureyrar en þar væri til staðar teymi til að taka við henni og sem annaðist réttarlæknisfræðilega skoðun og aðhlyningu fórnarlamba kynferðisbrota.

Lögregla kom til Vopnafjarðar kl. 5.35 og hélt þegar á heilsugæslustöðina og ræddi við ákærðu. Segir í skýrslu að hún hafi virst vera í miklu uppnámi, hún hafi grátið og átt erfitt með að tjá sig um málsatvik. Hafi hún sagt að hún hefði verið að skemmta sér fyrr um kvöldið og fram eftir nóttu á barnum á Vopnafirði. Hún hefði drukkið áfengi en ekki fundið til verulegra áfengisáhrifa. Hún hefði hitt þar karlmann úr áhöfn Víkings og gengið með honum og félagi hans til skips sennilega um kl. 3.00 um nóttina og farið með þessum karlmanni inn í káetu hans í skipinu. Hafi ákærða síðan tjáð lögreglu að maðurinn hefði tekið hana úr buxum og nærbuxum með valdi og haft við hana samfarir í káetunni gegn vilja hennar. Hún hefði síðan hlaupið úr skipinu um leið og færi gafst. Hún hafi lýst útliti mannsins og sagst halda að hann hétí X.

Er lögregla hafði rætt við ákærðu á heilsugæslustöðinni var hún flutt með sjúkrabifreið til Akureyrar þar sem hún var færð til skoðunar. Að svo búnu hélt lögregla um borð í skipið Víking, sem lá við bryggju í Vopnafjarðarhöfn. Rætt var við skipstjóra sem staðfesti að maður að nafni X væri í hans áhöfn. Farið var að káetu X, sem lá þar sofandi þegar lögreglu bar að. Var hann handtekinn og færður á lögregluvarðstofuna á Vopnafirði og vistaður þar í fangageymslu. Að svo búnu hélt lögregla aftur um borði í Víking og rannsakaði vettvang.

Í skýrslu lögreglu segir að X hafi verið sjáanlega nokkuð undir áhrifum áfengis þegar lögreglu bar að. Hann hafi viðurkennt að hafa fylgt Birnu í káetu sína en kvaðst ekki hafa átt við hana samræði. Hafi hann þvertekið fyrir að hafa nauðgað henni eða á neinn hátt þvingað hana til kynferðisathafna. Sagði hann að verið væri að bera á sig rangar sakir og kvaðst ekki vilja tjá sig frekar að svo stöddu. Að svo búnu var X fluttur með lögreglubíl til Egilsstaða og vistaður þar í fangageymslu um nóttina. Tekin var skýrsla af honum kl. 13.38 daginn eftir þar sem hann mótmælti þeim sakargiftum sem á hann væru bornar. Hann sagðist hafa hitt ákærðu á barnum á Vopnafirði kvöldið áður en sagðist ekkert hafa þekkt til hennar áður. Sagðist hann hafa verið á barnum með skipsfélögum sínum að horfa á fótboltaleik. Áfengi hefði verið haft um hönd og hefði ákærða m.a. boðið honum í glas. Sagðist hann hafa

verið mjög ölvaður. Hann sagði að ákærða hefði fylgt honum og fleiri skipsfélögum hans til skips. Fyrst hefði verið farið í borðsalinn en síðan hefðu hann og ákærða farið saman inn í káetuna hans. Sagðist hann hafa klætt sig úr fötunum og sett þau í þvottavél, en hann sagðist hafa það fyrir venju þegar hann kæmi um borð. Sagðist hann halda að ákærða hefði verið farin þegar hann fór með fötin í þvottavélina. Hann hefði síðan farið að sofa. Hann neitaði því að hafa haft samfarir við ákærðu, en einhverjir kossar hefðu átt sér stað. Sagðist hann vera í sambúð og búinn að vera það í 9 ár og sagðist hann ekki hafa haft í hyggju að halda fram hjá konu sinni og ekki gert það. Hann vísaði framburði ákærðu um meinta nauðgun alfarið á bug.

Ákærða var skoðuð af lækni á Akureyri 20. nóvember 2005. Þar er haft eftir ákærðu að eftir að um borð var komið hefði X sagt að hann þyrfti að skipta um föt og beðið hana um að koma með sér niður í káetu. Hann hefði beðið hana um að setjast í kojuna og bíða á meðan hann skipti um föt. Hann hefði farið fram og komið til baka nakinn. Hann hefði síðan byrjað að kyssa hana og lagst ofan á hana. Hann hefði síðan haldið henni fastri og neitað að leyfa henni að fara. Hún myndi síðan lítið eftir því sem gerðist nema að X hefði náð niður um hana buxunum, legið ofan á henni og reynt að hafa við hana samfarir. Þá hefði hann káfað á kynfærum hennar, brjóstum og rassi. Er þar haft eftir ákærðu að hún væri ekki viss um hvort X hefði náð að hafa samfarir í leggöng eða hvort honum hefði orðið sáðlát.

Ákærða bar á sama veg hjá rannsóknardeild lögreglunnar á Akureyri 20. nóvember 2005 kl. 13.20, þ.e. að X hefði tekið hana með valdi í kojunni og náð buxunum niður um hana, en hún sagðist ekki gera sér grein fyrir hvort hann hefði komið fram vilja sínum eða hvort hún hefði verið neydd til munnmaka. Þá bar hún um það að X hefði stigið mjög í vænginn við sig á barnum áður en þau héldu til skips. Hún kvaðst þó ekki vera tilbúin til að leggja fram kæru á hendur X Barðasyni fyrir nauðgun.

Hinn 23. nóvember 2005 gaf ákærða að nýju skýrslu vegna málsins hjá lögreglunni á Egilsstöðum. Þar sagðist hún heldur ekki vera tilbúin til að leggja fram kæru á hendur X að svo stöddu. Hún var beðin um að lýsa því betur sem gerðist, þ.e. hvort og þá hvernig samfarir X hefði haft við hana, en ákærða sagðist ekkert hafa viljað hugsa um þetta. Henni var kynnt skýrsla X hjá lögreglu og framburð hans um að engar samfarir hefðu átt sér stað. Hún var spurð hvort þetta gæti verið rétt. Ákærða svaraði ekki spurningunni.

Hinn 7. desember 2005 kom ákærða á lögreglustöðina og óskaði eftir að gefa skýrslu í málinu að nýju. Sagðist hún vilja gera grein fyrir aðstæðum og skýra frá hegðun sinni er hún tilkynnti ranglega um að X hefði nauðgað sér um borð í Víking sem lá í Vopnafjarðarhöfn 20. nóvember sl.

Kvaðst hún hafa átt erfitt uppdráttar og hafa átt við andleg vandamál að etja um langa hrið. Kvað hún þetta vera áberandi þegar hún neytti áfengis og undir áhrifum áfengis hefði hún sagt ýmislegt sem betur hefði verið ósagt. Sagðist hún engar skýringar geta gefið á þessari hegðun sinni. Hún sagðist þó aldrei hafa lagst eins lágt eins og þegar hún hefði tilkynnt um að X hefði nauðgað sér í greint sinn. Sagðist hún ekki geta skýrt það hvers vegna hún hefði skáldað upp þessa sögu, en engin nauðgun hefði átt sér stað. Sagðist hún hafa farið um borð í Víking með skipverjum eins og hún hefði áður greint frá og farið aftur frá borði án þess að neitt hefði komið upp á. Hún sagði hins vegar að eftir að hafa borið fram þessar röngu

sakargiftir hefði henni reynst ómögulegt að snúa til baka og vinda ofan af lyginni. Hún sagði að þetta mál hefði hvílt á sér eins og mara og nú vildi hún losna undan farginu. Sagði hún að tilkynning sín um nauðgun hefði verið uppspuni frá rötum. Sagðist hún ætla að leita sér hjálpar og ná jafnvægi í lífi sínu. Hún sagðist og átta sig á því að X hefði fulla ástæðu til þess að vera henni reiður og skilja það ef hann kærði hana fyrir rangar sakargiftir.

Hinn 17. mars 2006 lagði X fram kæru á hendur ákærðu fyrir brot gegn 148. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í kæru hans kemur fram að hann sé fjölskyldumaður og hafi ekki hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað. Hann hafi ranglega verið ásakaður um að fremja alvarlegt ofbeldisbrot, sem þung refsing sé lögð við í lögum. Það eitt að vera kærður og sakaður um að hafa framið nauðgun hafi haft í för með sér velferðarmissi og tjón fyrir kæranda. Rangar sakargiftir kærðu hafi leitt til þess að kærandi hafi verið handtekinn og færður til yfirheyrslu á lögreglustöðinni á Egilsstöðum þar sem hann hafi setið í varðhaldi í u.þ.b. 12 til 14 klukkustundir. Það eitt hafi leitt til þess að kærandi hafi orðið fyrir óbætanlegu tjóni, óhagræði og miska. Er þess að lokum krafist að ákærða verði látin sæta refsíabýrgð.

Verður nú rakinn framburður ákærðu og vitnis fyrir dóminum.

Ákærða játaði sök. Hún sagði að rétt væri að hún hefði hitt X á Veðurbarnum á Vopnafirði í umrætt sinn. Hún sagði að áfengi hefði verið haft um hönd, en kvaðst þó ekki hafa verið mjög ölvuð. Hún sagðist hafa farið með X um borð í skipið Víking og þau farið tvö niður í káetuna hans. Hún sagði að X hefði klætt sig í fötunum og farið með fötin sín í þvott. Hún sagðist hafa farið á eftir honum fram og síðan farið frá borði. Ákærða sagðist hafa orðið hrædd þegar maðurinn hefði farið úr fötunum þar sem þetta hefði rifjað upp fyrir henni atburði, sem hún hefði upplifað þegar hún var 10 ára gömul. Henni hefði fundist óþægilegt að vera með manningum þarna enda hefði hún ekkert þekkt hann og ekkert vitað hvað var að gerast. Hún sagði að X hefði kysst sig á veitingastaðnum fyrr um kvöldið og einnig niðri í káetunni. Þegar hún hefði komið upp úr skipinu hefði hún farið í frystihúsið og talað við verkstjóran þar. Hún staðfesti það sem fram kemur í skýrslu Magnúsar Þórs Róbertssonar verkstjóra frá 2. desember 2005. Hún hefði tjáð honum að einhver X hefði nauðgað henni um borð í Víkingi. Þá væri rétt að hún hefði tjáð Magnúsi Þór að X hefði þröngvað henni inni í káetu og reynt að klæða hana úr buxunum, en síðan myndi hún ekki meira. Ákærða sagði að rétt væri að móðir hennar hefði komið á vettvang og síðan hefði lögregla verið kvödd til. Ákærða staðfesti og að rétt væri eftir sér haft í frumskýrslu lögreglu frá 24. nóvember 2005 og að þar hefði hún borið á X að hafa tekið sig með valdi úr buxum og nærbuxum og haft við sig samfarir gegn vilja sínum. Hún sagðist og halda að það sem eftir henni væri haft í skýrslu læknis á neyðarmóttöku á Akureyri væri rétt, þ.e. að X hefði lagst ofan á hana, haldið henni fastri og neitað að leyfa henni að fara úr káetunni. Einnig að hann hefði náð henni úr buxunum, legið ofan á henni og reynt að hafa við hana samfarir, svo og káfað á kynfærum, brjóstum og rassi. Þá hefði hún sagt að hún væri ekki viss um hvort hann hefði náð að hafa samfarir í leggöng og hvort hann hefði haft sádlát. Loks var efni skýrslu hennar hjá rannsóknardeild lögreglunnar á Akureyri um atvikið borið undir ákærðu og staðfesti hún að þar væri rétt eftir sér haft.

Ákærða sagði að lýsingar hennar á atburðarás í ofangreindum skýrslum væru ekki í samræmi við það sem gerðist í raun. Hún sagðist ekki geta skýrt það hvers vegna hún hefði borið um málsatvik með þessum hætti. Sagðist hún hafa truflast í hausnum, eins og ákærða orðaði það, og sagðist hún ekki muna þetta vel. Hún sagðist hafa endurtekið frásögn sína nokkrum sinnum þar sem hún hefði óttast það að snúa til baka og játa á sig rangar sakargiftir. Hún sagði að sér hefði liðið illa vegna málsins og það hefði legið mjög þungt á sér. Að lokum hefði hún rætt þetta við móður sína og hún sagt henni að réttast væri að fara til lögreglu og leiðrétta framburðinn. Það hefði hún og gert 7. desember 2005.

Aðspurð sagðist hún ekki hafa þekkt X og að engin höfnun hefði átt sér stað eða illindi þeirra á milli. Hún sagðist hafa boðið X bætur, en hann hefði ekki viljað taka við þeim. Hún sagðist hafa verið í hræðilegu þunglyndi á þessum tíma og hafa reynt sjálfsvíg í byrjun september þetta sama haust. Hún hefði þá verið lögð inn á geðdeild og legið þar í tvær vikur. Eftir að málið kom upp hefði hún reynt að ná tókum á lífi sínu með því að ganga til sálfræðings og þá væri hún á leið til Akureyrar í þriggja mánaða meðferð á göngudeild geðdeildar Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Hún sagði að á meðan á meðferðinni stæði myndi hún dvelja á áfangaheimili á Akureyri. Hún sagðist vera í miklu betra andlegu ástandi nú en á þeim tíma sem atvik málsins gerðust. Hún sagðist hafa átt við áfengisvandamál að stríða en í dag neytti hún minna áfengis en áður.

Aðspurð sagðist ákærða hafa orðið fyrir því þegar hún var 10 ára gömul að föðurbróðir hennar hefði boðið henni peninga fyrir að hafa við sig kynmök. Ekkert hefði þó gerst þeirra á milli. Hún sagði að þetta atvik hefði aldrei verið tilkynnt til lögreglu eða barnaverndaryfirvalda.

Vitnið X sagðist hafa hitt ákærðu á Veðurbarnum umrædda nótt. Hann sagðist hafa setið á barnum um kvöldið með félögum sínum og horft á fótboltaleik. Ákærða hefði komið á barinn með einni eða tveimur vinkonum sínum. Þau hefðu öll setið þarna og spjallað saman og sagði hann að ákærða hefði boðið sér í glas. Mál hefðu síðan þróast þannig að ákærða hefði farið með þeim skipverjum um borð og þau tvö farið niður í káetuna hans. Hann sagðist hafa farið úr fötum, en hann hefði haft það fyrir venju að skipta um föt þegar hann kæmi um borð þar sem skipið væri gamalt og í því lykt sem vildi festast í fötum. Hann sagðist því aldrei vera í sömu fötum í landi og um borð í skipinu heldur færi hann með fötin sín í þvott þegar hann kæmi um borð. Í umrætt sinn hefði hann farið með fötin í þvott og síðan farið á salerni og á meðan hefði ákærða farið. Hann sagðist síðan hafa farið að sofa. Aðspurður sagðist hann ekki hafa kysst ákærðu enda hefði hann verið í sambúð á þessum tíma og ekki verið að leita eftir neinu slíku. Honum var bent á að í lögregluskýrslu hefði hann sagt að einhverjir kossar hefðu átt sér stað. Hann sagði að hann hefði verið miður sín þegar hann gaf lögregluskýrslu og því gæti verið að hann hefði sagt þetta, en hann sagðist ekki minnst þess nú að hafa kysst ákærðu. Hann sagðist síðan hafa verið vakinn upp um nóttina af fyrsta stýrimanni og tveimur lögreglumönnum og honum tjáð að hann væri handtekinn og fyrir hvaða sakir. Hann sagði að þetta væri hræðilegasta lífsreynsla sem hann hefði gengið í gegnum. Hann sagði að hræðilegt hefði verið að þurfa að standa nakinn fyrir framan lækni og láta taka úr sér sýni vegna rannsóknar málsins vitandi það að hann hefði ekkert gert af sér. Hann sagðist hafa ákveðið að vera samvinnufús við lögreglu þar sem hann hefði ekki haft neitt að fela. Hann hefði síðan verið fluttur til

Egilsstaða og vistaður þar í fangageymslu. Hann sagði að þetta hefði allt verið martröð líkast. Daginn eftir hefði síðan verið tekin af honum skýrsla hjá lögreglu.

Aðspurður sagði hann að málið hefði engin áhrif haft á stöðu hans á skipinu eða samband hans við vinnufélagana, enda hefðu skipsfélagar hans vitað að ekkert hefði gerst. Hann sagði að skipsfélagar hans hefðu allir staðið með honum. Þá sagði hann að málið hefði ekki haft góð áhrif á einkalíf hans og fyrirverandi unnusta hans hefði á tímabili ekki vitað hverju hún ætti að trúa. Þá hefði hún haft miklar áhyggjur af því að af málinu fréttist í heimabæ þeirra. Hann sagðist hafa frétt það síðar að ákærða væri að segja frá því á Vopnafirði að umrædd nauðgun hefði aldrei átt sér stað. Það hefði verið áður en hún fór til lögreglu til að leiðrétta framburð sinn. Hann sagðist síðan hafa fengið SMS skilaboð frá ákærðu þar sem hún hefði beðist fyrirgefningar á þessu. Hann sagðist ekki bera góða hug til ákærða en sagðist hins vegar gera sér grein fyrir að eitthvað mikið væri að hjá henni. Hann sagði að málið hefði legið mjög þungt á sér og haft mjög slæm áhrif á sig þegar til lengri tíma væri litið. Aðspurður sagðist hann aðeins hafa fengið skilaboð frá lögmanni sínum um það hvort hann væri tilbúinn til að draga kærana til baka, en honum hefðu ekki verið boðnar bætur.

III.

Niðurstaða.

Ákærðu eru gefnar að sök rangar sakargiftir með því að hafa með rangri tilkynningu og röngum framburði fyrir lögreglu leitast við að koma því til leiðar að X yrði sakaður um kynferðisbrot gegn ákærðu aðfaranótt 20. nóvember 2005.

Ákærða hefur fyrir dómi játaði að hafa ranglega greint frá því hjá lögreglu á Vopnafirði aðfaranótt 20. nóvember 2005 og daginn eftir við skýrslutöku hjá lögreglunni á Akureyri að X hefði nauðgað sér um borð í ms. Víkingi í Vopnafjarðarhöfn og með því leitast við að hann yrði sakaður um kynferðisbrot. Þessi játning ákærðu er í samræmi við framburð vitnisins X fyrir dómi, sem hefur neitað því að hafa haft samræði við ákærðu í greint sinn, og skýrslu vitnisins Karls Óskars Viðarssonar hjá lögreglu. Frásögn ákærðu fyrir dómi er einnig á þá leið að hún hafi vísitandi borið X röngum sökum. Með skýlausri játningu ákærðu, sem er studd frásögn annarra sem um geta borið, er sannað að hún hafi framið það brot sem henni er gefið að sök í ákæru með þeim breytingum sem á henni hafa verið gerðar og varðar við 1. mgr. 148. gr. almennra hegningarlaga.

Rangar sakargiftir ákærðu fólu í sér að X hefði nauðgað ákærðu. Samkvæmt 194. gr. almennra hegningarlaga skal sá sem gerist sekur um nauðgun sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Við ákvörðun refsingar fyrir rangar sakargiftir ber að hafa hliðsjón af því hversu þung hegning er lögð við broti því sem sagt er eða gefið til kynna að viðkomandi hafi drýgt, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 148. gr. almennra hegningarlaga. Á hinn bóginn verður að virða það ákærðu til málsbóta að hún féll fljótlega frá sakburði sínum og hefur sýnt einlæga iðrun vegna brots síns. Samkvæmt framburði vitnisins X hafði brot ákærðu engin áhrif á starfsstöðu hans og ekki er í ljós leitt að brotið hafi haft í för með sér annan velferðarmissi. Eðli málsins samkvæmt hafði brotið þó í för með sér veruleg óþægindi fyrir vitnið.

Fram hefur einnig komið að ákærða og vitnið þekktust ekki og engin illindi eða deilur höfðu verið á milli þeirra. Í ljósi þess og með hliðsjón af því að ákærða dró framburð sinn fljótlega til baka þykir varhugavert að telja sannað að fyrir henni hafi vakað að valda X velferðarmissi. Á því refsihækkunarástæða og refsilágmark 3. málsliðar 1. mgr. 148. gr. almennra hegningarlaga ekki við í málinu.

Við ákvörðun refsingar horfir til málsbóta fyrir ákærðu að hún hefur greiðlega gengist við broti sínu. Þá hefur hún ekki áður gerst sek um refsiverða háttsemi svo vitað sé.

Í málinu hafa verið lögð fram vottorð Baldurs Helga Friðrikssonar læknis á heilsugæslustöðinni á Vopnafirði og Sigmundar Sigfússonar forstöðulæknis á geðdeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri um hagi ákærðu, sbr. 71. gr. laga um meðferð opinberra mála. Þar kemur fram að ákærða hafi fundið til þunglyndis allt frá 14 ára aldri og verið í viðtölum hjá sálfræðingi þegar hún var á aldrinum 13 til 15 ára. Hún hafi lokið gunnskóla en ekki náð prófum. Fram kemur að ákærða hafi ekki verið haldin fíkn í áfengi eða vímuefni, en áfengisneysla hafi stundum aukið á vandræði hennar. Ennfremur kemur fram að ákærða hafi leitað til heilsugæslunnar á Vopnafirði vegna þunglyndiseinkenna og almennrar andlegrar vanlíðunar um miðjan mars 2005. Hafi hún verið meðferð með þunglyndislyfjum, sem hafi haft góð áhrif á ákærðu. Í byrjun september 2005 hafi ákærða enn haft samband við heilsugæsluna vegna þunglyndiseinkenna og þá hafi lyfjaskammturinn verið aukinn. Um miðjan þann mánuð hafi hún gert tilraun til sjálfsvígs og verið lögð inn á geðdeild. Við útskrift þaðan hafi sjúkdómsgreining hennar verið endurtekin geðlægdarköst hjá seinþroska stúlku með lélega sjálfsmynd og að persónuleiki hennar einkennist af vanmáttarkennd og ósjálfstæði. Þættir varðandi heimilisaðstæður og nánasta umhverfi voru jafnframt taldir lítt þroskavænlegir. Álitid var að auk þunglyndismeðferðar þyrfti hún aukna menntun, sjálfsstyrkingu og jafnvel enduruppeldi. Í apríl og maí 2006 leitaði ákærða aftur á geðdeild Fjórðungssjúkrahúss Akureyrar vegna þunglyndiseinkenna. Loks segir að í ágúst 2006 hafi verið sótt um vist á dagdeild geðdeildar Fjórðungssjúkrahússins og jafnframt á áfangaheimili á vegum Akureyrarbæjar. Það hafi hins vegar tafið fyrirhugaða meðferð á dagdeildinni að ákærða hafi ekki enn fengið inni á áfangaheimilinu. Hún sé nú efst á biðlista áfangaheimilisins, en samkvæmt gögnum málsins mun útlit vera fyrir að ákærða fái þar vist í byrjun mars næstkomandi.

Að öllu ofangreindu virtu og með hliðsjón af alvarleika brotsins þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin fangelsi í 9 mánuði. Með hliðsjón af ungum aldri ákærðu og högum hennar, svo sem rakið hefur verið hér að ofan, þykir rétt að fresta fullnustu 7 mánaða af refsivistinni og falli sá hluti refsingarinnar niður að liðinum þremur árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærða greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Evu Dísar Pálmadóttur hdl., sem þykja hæfilega ákveðin að fjárhæð 263.840 krónur og er þ.m.t. virðisaukaskattur.

Dóm þennan kveður upp Ragnheiður Bragadóttir dómstjóri.

Dómsorð:

Ákærða, Birna Kristín Guðnadóttir, sæti fangelsi í 9 mánuði, en fresta skal fullnustu 7 mánaða af refsivistinni og falli hún niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærða greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Evu Dísar Pálmadóttur hdl., að fjárhæð 263.840 krónur.

Ragnheiður Bragadóttir